

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 57/2013

2014/EES/12/41

frá 23. janúar 2013

um breytingu á reglugerð (EB) nr 1418/2007 um útflutning á tilteknum tegundum úrgangs til endurnýtingar til tiltekinna landa utan Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 frá 14. júní 2006 um tilflutning úrgangs ⁽¹⁾, einkum þriðja undirlið 2. mgr. 37. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1418/2007 frá 29. nóvember 2007 um útflutning á tilteknum tegundum úrgangs til endurnýtingar sem tilgreindar eru í III. viðauka eða III. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 1013/2006 til tiltekinna landa, sem falla ekki undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar um eftirlit með flutningi úrgangs yfir landamæri⁽²⁾ var breytt með reglugerð (ESB) nr. 674/2012 ⁽³⁾.
- 2) Framkvæmdastjórnin tók tillit til svarsins sem barst frá Malasíu við skriflegu erindi hennar skv. 1. og 2. mgr. 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 1013/2006. Í kjölfarið lýsti Malasía því yfir skriflega að upplýsingarnar, sem koma

fram í svari hennar varðandi undirfærsluna B1100 — harðsinksúrgang og færslurnar B3010 og GH013, endurspeglar ekki gildandi löggjöf og málsmeðferðarreglur, sem bönnuðu ekki innflutning á þeim tegundum úrgangs. Þar af leiðandi óskaði hún eftir því að málsmeðferðinni fyrir undirfærsluna B1100 — harðsinksúrgangur verði breytt úr valkosti a) yfir í valkost c) og fyrir færslurnar B3010 og GH013 úr valkosti a) yfir í valkost d).

- 3) Í því augnamiði að leiðrétta þessi mistök, og að teknu tilliti til áhrifanna á rekstraraðila, skal breyta viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1418/2007 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1418/2007 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á fjórtánda degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. janúar 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 21, 24.1.2013, bls. 17. Henni var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 190, 12.7.2006, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 316, 4.12.2007, bls. 6.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 196, 24.7.2012, bls. 12.

VIÐAUKI

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1418/2007 er breytt sem hér segir:

1. Í stað eftirfarandi færslu fyrir Malasíu:

„B1020-B1100“			
---------------	--	--	--

komi eftirfarandi færslur:

„B1020-B1100, nema fyrir harðsinksúrgang úr B1100		úr B1100: – harðsinksúrgangur“	
--	--	-----------------------------------	--

2. Í stað eftirfarandi færslu fyrir Malasíu:

„B3010“			
---------	--	--	--

komi eftirfarandi færsla:

		„B3010“	
--	--	---------	--

3. Í stað eftirfarandi færslu fyrir Malasíu:

„GG030-GH013“			
---------------	--	--	--

komi eftirfarandi færslur:

„GG030-GG040			
			GH013“